



Bananar

HJARTAÐ Í LÝÐHEILSU ÍSLENDINGA

Sjálfbærniskýrsla 2023

Orð frá framkvæmdastjóra

„Gildin okkar, hugrekki, hamingja, heilsa og heiðarleiki, eru kjarninn í öllu sem við gerum og þau leiða okkur í ákvörðunum okkar og eru grundvöllur þess hvernig við lifum og störfum hvern dag“

Kæru hluthafar, viðskiptavinir og samstarfsaðilar.

Það er með mikilli ánægju og stolti sem ég kynni fyrir ykkur sjálfbærnisráðgjafar Banana fyrir árið 2023.

Við hjá Bönunum höfum það að leiðarljósi að vera hjartað í lýðheilsu Íslands, og ár hvert stefnum við að því að vera í forystu hvað varðar heilsu og vellíðan íslensku þjóðarinnar.

Í þessari skýrslu skoðum við þau skref sem við höfum tekið á síðasta ári, skref sem hafa markast af okkar kjarnatrú að heilbrigði umhverfisins sé samofði heilbrigði samfélags okkar.

Við höfum unnið að því flókna verkefni að flytja inn lifandi afurðir til okkar fallega afskekkt lands með stöðugri áherslu á gæði vara og að draga úr kolefnisspori okkar og þ.a.l. að leggja okkar af mörkum við að bjóða upp á stöðug gæði í sátt við umhverfið okkar.

Markmið okkar er að veita fjölbreytt úrval af gæðaávöxtum og grænmeti á sanngjörnu verði og við skuldbindum okkur til að auðga íslenska matarborðið með góðu úrvali af bestu ávöxtum og grænmeti sem er í boði hverju sinni.

Gildin okkar, hugrekki, hamingja, heilsa og heiðarleiki, eru kjarninn í öllu sem við gerum og þau leiða okkur í ákvörðunum okkar og eru grundvöllur þess hvernig við lifum og störfum hvern dag.

Við erum þakklát fyrir að geta lagt okkar af mörkum til að bæta almenna lýðheilsu og velferð samfélagsins, þrátt fyrir talsverðar áskoranir.

Síðustu ár höfum við þurft að gefa loftslagsbreytingum aukinn gaum þar sem þær hafa haft aukin áhrif á getu okkar til að útvega ávexti og grænmeti frá öllum heimshornum. Við höfum þurft að aðlagga okkur og finna nýjar leiðir til að takast á við þessar áskoranir sem felast í breytingum á veðurfari í heiminum, s.s. óveður, þurrkar, flóð o.s.frv.

Við höfum sett í gang verkefni sem miða að því að draga úr áhrifum starfsemi okkar á umhverfið og tryggja að við getum haldið áfram að flytja heilsusamlega og örugga vöru til viðskiptavina okkar. Þessar aðgerðir eru ekki aðeins brýnar heldur einnig skuldbinding gagnvart komandi kynslóðum.

Áfangar okkar á þessu ári eru talsverðir, og má merkja góðan framgang í sjálfbærni okkar m.a. á eftirfarandi atriðum.

- Mæld heildarlosun Banana lækkaði um 3,3% á milli ára
- Hlutfall flokkaðs sorps jókst um 185% á milli ára og var flokkunarhlutfall 91,5%
- Staða rafbílavæðingar á bílafloata Banana er sú að 57% bílafloata Banana eru nú rafbílur. Losun vegna eldsneytislosunar hefur minnkað um 6,2% á milli ára og er til marks um skuldbindingu okkar til minni umhverfismengunar og heilbrigðara umhverfis
- Losun vegna úrgangs lækkaði um 51% á milli ára
- Losun vegna aðkeypts flutnings lækkaði um 21% á milli ára og þar telur mest minnkun á flugfrakt
- Við höfum lagt aukna áherslu á að auka innkaup okkar frá bændum sem stunda sjálfbæran landbúnað, tryggja að hver vara sem við afhendum uppfylli ekki aðeins hæstu gæðastaðla heldur leggi einnig jákvætt af mörkum til heilbrigðs umhverfis.

Leiðinni að sjálfbærni er aldrei lokið, hún er full af áskorunum og lærdómstækifærum.

Á þessu ári höfum við einnig mætt hindrunum, sérstaklega í okkar tilraunum til að straumlínulaga aðfangakeðju okkar til að draga enn frekar úr soun. Við erum skuldbundin til að takast á við þessar áskoranir með því að hugsa út fyrir boxið og leita nýrra leiða og tækifæra.

Framtíðarsýn okkar er skýr. Við ætlum að vera leiðandi ekki aðeins í innflutningi og sölu á hágæða ávöxtum og grænmeti, innlendu og erlendu, heldur ætlum við einnig að gera það á hátt sem styður við umhverfið og eykur virði samfélags okkar.

Ég er afar stolt af því sem við höfum afrekað og bjartsýn á það sem framtíðin ber í skauti sér.

Ég hvet ykkur öll til að lesa þessa skýrslu ekki aðeins sem skrá yfir það sem við höfum gert, heldur sem loforð um það sem er í vændum. Við ætlum að gera betur, ekki aðeins að gera fyrirtækið okkar betra heldur líka fyrir samfélagið okkar allra.

Að lokum við ég þakka ykkur öllum fyrir stuðninginn og samstarfið á síðasta ári. Við horfum fram á veginn með bjartsýni og ákveðni um að halda áfram að vera í fararbroddi í sjálfbærni og heilsuefingu á Íslandi.

Takk fyrir áframhaldandi stuðning og traust á Bönunum.

Með bestu kveðjum,
Jóhanna Jónsdóttir
framkvæmdastjóri Banana



Jóhanna Jónsdóttir
Framkvæmdastjóri

Hjartað í lýðheilsu Íslendinga

Stærsti innflytjandi grænmetis og ávaxta

Fyrirtækið Bananar var stofnað árið 1955 og er í dag stærsti innflutnings- og dreifingaraðili á fersku grænmeti, ávöxtum og berjum á Íslandi og jafnframt eitt stærsta innflutningsfyrirtæki landsins. Einnig eru Bananar stærsti kaupandi og dreifingaraðili á innlendri grænmetis- og berjaræktun.

Eins og nafnið gefur til kynna voru fyrstu starfsár fyrirtækisins helguð innflutningi og þroskun banana. Síðan þá hafa áherslur breyst og í dag býður fyrirtækið upp á mikið og gott úrval af bæði íslensku og erlendu grænmeti og ávöxtum allan ársins hring. Vörum er dreift til viðskiptavina sex daga vikunnar en þeir eru á um 900 stöðum víða um landið og samanstanda af verslunum, veitingahúsum, heilbrigðisstofnunum, skólum, leikskólum og mótuneytum.

Til þess að Bananar geti sinnt sínu kjarnahlutverki, að tryggja íslenskum neytendum hágvæða mat- og dagvöru, skiptir skilvirkur flutningur, gagnsæi í uppruna vöru og gæði öllu máli. Til þess að sinna þessum þörfum höfum við bein viðskiptasambönd út um allan heim og má þar nefna Kína, Brasilíu, Kanada, Chile, Argentínu, Holland, Bandaríkin og Spán sem dæmi. Vörurnar eru fluttar vikulega með skipi og daglega með flugi því allt okkar starf snýst um að viðhalda ferskleika vörunnar. Þá berst okkur daglega grænmeti frá íslenskum grænmetisframleiðendum.

Þegar kemur að innflutningi þá er viðskiptum beint til þeirra landa þar sem uppskera á ávöxtum og grænmeti er best hverju sinni. Við höfum það að leiðarljósi í öllu okkar starfi að kaupa vörunar eins nálægt okkur og mögulegt er en þó að sækja þær eins langt og þörf krefur til þess að varan uppfylli allar okkar gæðakröfur. Þannig skilar fyrirtækið hollri og góðri vöru á sanngjörnu verði.

Hjá Bónunum starfa u.þ.b. 100 manns en starfsfólkið okkar er lykillinn að góðum árangri og því leitast Bananar eftir því að vera eftirsóknarverður vinnustaður. Starfsfólk Banana leggur sig fram á hverjum degi við að kaupa inn hágvæða grænmeti og ávexti bæði af innlendum og erlendum birgjum og dreifa í verslanir og fyrirtæki um allt land.

Það er stefna okkar að hámarka hagkvæmni í rekstri, veita viðskiptavinum sem besta þjónustu, tryggja gæði vöruframboðs og sýna ábyrgð gagnvart samfélaginu.

Við erum hjartað í lýðheilsu Íslendinga

Bananar er í einstakri stöðu til að hafa jákvæð áhrif á heilsu og vellíðan íslensku þjóðarinnar. Rannsóknir hafa sýnt að rifleg neysla grænmetis og ávaxta er tengd minni líkum á langvinnum sjúkdómum svo sem hjarta- og æðasjúkdómum, sykursýki af tegund tvö og ýmsum tegundum krabbameina, ásamt minni líkum á þyngdaraukningu.

Undanfarin ár hefur embætti landlæknis vakt að helstu áhrifaþætti heilbrigðis og vellíðunar. Niðurstöður vöktunar gefa til kynna að einungis 10% fullorðinna hafi náð að uppfylla ráðlagt viðmið um að neyta ávaxta eða grænmetis fimm sinnum (500 grömm) á dag árið 2022 og í landskönnun á mataræði Íslendinga sem fór fram á árunum 2019 til 2021, þar sem spurt var um bæði magn og tíðni á neyslu matvæla, kom fram að einungis 2% landsmanna náði að borða 500 grömm eða meira á dag af ávöxtum og grænmeti.

Til þess að leggja okkar af mörkum til að auka aðgengi að ávöxtum og grænmeti fyrir neytendur þá höfum við aukið framboð á niðurskornum ávöxtum og grænmeti ásamt tilbúnum grænmetisréttum til þæginda fyrir neytendur og stuðlum þannig að bættri lýðheilsu og velferð íslensku þjóðarinnar.



Hollur valkostur

Bananas hafa sett sér þá stefnu að vera hjartað í lýðheilsu Íslendinga og hafa einsett sér að auka neyslu Íslendinga á grænmeti og ávöxtum og stuðla þannig að bættri lýðheilsu og velferð íslensku þjóðarinnar.

Í ráðleggingum Landlæknisembættis um mataræði er lögð rík áhersla á að borða fjölbreyttan mat og að velja matvæli sem eru rík af næringarefnum frá náttúrunnar hendi. Í nýjum norrænum næringarráðleggingum sem birtar voru 2023 er mælt með mataræði sem er ríkt af afurðum úr jurtaríkinu, að fólk auki inntöku á grænmeti, kartöflum, ávöxtum og berjum. Bæði vegna þess að það er grunnur að góðri heilsu og líka vegna þess að það er betra fyrir umhverfið.

Neysla ávaxta og berja hefur dregist saman

Samkvæmt niðurstöðum úr landskönnun á mataræði Íslendinga sem birt var í upphafi árs 2022 er samanlögð neysla á grænmeti og ávöxtum að meðaltali um 213 grömm á dag, en í nýju norrænu ráðleggingunum er mælt með því að borða að minnsta kosti 500-800 g á dag. Dregið hefur úr neyslu á ávöxtum og berjum frá síðustu könnun sem var birt 2012. Neysla á trefjaefnum hefur einnig dregist saman en grænmeti og ávextir eru trefjarík fæða. Meðalneysla á C-vítamíni hefur minnkað og stafar það aðallega af því að neysla á ávöxtum og berjum er minni en áður samkvæmt niðurstöðum landskönnunarinnar.

Mataræði hefur áhrif á heilsu en samkvæmt tölum frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunni (WHO) er mataræði einn megin áhættuþáttur sjúkdóma á Íslandi.

Bætt heilsa byrjar við matarborðið

Grænmeti og ávextir eru mikilvægur hluti af hollu mataræði. Þeir innihalda mikið magn af vítamínum, steinefnum, trefjum og öðrum hollum efnum. Aukin neysla er tengd við minni líkur á hjarta- og æðasjúkdómum, sykursýki af tegund 2 og ýmsum tegundum krabbameina.

Það er til mikils að vinna að auka neyslu á grænmeti og ávöxtum og ætla Bananas að leggja sitt af mörkum með því að fræða þjóðina um mikilvægi grænmetis og ávaxta í fjölbreyttu og hollu mataræði auk þess að bjóða upp á holla rétti og millimál sem auðvelt er að grípa í. Við trúum því að skrefin í átt að bættri lýðheilsu byrji við matarborðið.

Stefnumótunarvinna **Banana**

Hagar og dótturfélög fóru í gegnum mikla stefnumótunarvinnu á sviði sjálfbærni á sl. ári. Framkvæmd var greining á sjálfbærnitengdum áhrifum, áhættu og tækifærum í þeim tilgangi að ákvarða hvaða sjálfbærnimálefni væru mikilvægust fyrir samstæðuna. Vinna þessi lagði grunn að uppfærðum sjálfbærni- og umhverfisstefnum samstæðunnar auk þess sem Bananar settu sér markmið og skilgreindu aðgerðir að markmiðum.

Mat á sjálfbærnitengdum áhrifum

Áhrif Banana á umhverfi og fólk geta ýmist verið raunveruleg eða hugsanleg, jákvæð eða neikvæð og átt sér stað í eigin starfsemi eða í virðiskeðju félagsins. Við mat á því hvort áhrif félagsins í tengslum við framangreinda efnisflokka teljast „mikilvæg“ er horft til þess hversu mikil, hversu víðtæk og hversu óbætanleg þau eru. Ef um hugsanleg áhrif er að ræða, er jafnframt tekið inn í myndina hversu líklegt sé að áhrif komi fram.

Helsta sjálfbærnitengda áhættan í starfsemi Banana er áhrif loftlagsbreytinga sem geta birtst í raunverulegum vöruskorti, s.s. vegna uppskerubrests og útflutningsbanns í viðskiptalöndum. Aðlögunarhæfni félagsins gerir okkur kleift að bregðast við breytingum á framboði. Hins vegar komi til þess að vöruskortur verði kerfislegur með þeim hætti að matvælaöryggi Íslands sé ógnað varðar það mjög fjárhagslega hagsmuni félagsins.

Yfirlit | Mikilvæg áhrif

Efnisflokkur	Áhrif	Raunveruleg/hugsanleg	Jákvæð/Neikvæð	Staðsetning áhrifa í virðiskeðju		
				Aðstreymi	Eigin starfsemi	Frástreymi
Loftslagsbreytingar	Losun gróðurhúsalofttegunda	Raunveruleg	Neikvæð	●	●	●
Hringrásarhagkerfi	Úrgangur frá rekstri	Raunveruleg	Neikvæð		●	●
	Matarsóun	Raunveruleg	Neikvæð		●	●
Liffræðileg fjölbreytni	Framboð á vörum sem kunna að hafa neikvæð áhrif á liffræðilega fjölbreytni	Hugsanleg	Neikvæð	●		
Eigin mannauður	Ráðstafanir til að tryggja heilsu og öryggi starfsfólks	Raunveruleg	Jákvæð		●	
	Vinnuslys	Raunveruleg	Neikvæð		●	
	Jafnrétti	Raunveruleg	Jákvæð		●	
	Fjölbreytni	Raunveruleg	Jákvæð		●	
	Þjálfun og starfsþróun	Raunveruleg	Jákvæð		●	
Starfsfólk í virðiskeðju	Áhrif á starfsfólk í virðiskeðju með tilliti til vinnuaðstæðna og mannréttinda	Hugsanleg	Bæði	●		
Neytendur og endanotendur	Áhrif á lýðheilsu	Raunveruleg	Jákvæð			●
Viðskiptasiðferði	Keðjuáhrif í gegnum virðiskeðju	Hugsanleg	Jákvæð	●		



Sjálfbærnistefna **Banana**

Banana hafa lagt metnað sinn í að þjóna íslenskum neytendum með ábyrgum hætti. Sjálfbærnistefna Banana er langtímaáætlun félagsins um hvernig félagið getur lagt sitt af mörkum til betra og heilbrigðara samfélags og umhverfis, samhliða heilbrigðum rekstri. Að auki lýsir stefnan hvernig samskiptum við hagsmunaaðila skuli háttað.

Markmið og gildissvið

Markmið stefunnar er að Banana séu með metnaðarfulla, skýra og aðgengilega stefnu í sjálfbærni til þess að innleiða og starfrækja í sinni kjarnastarfsemi. Stefnan tekur til allrar starfsemi og starfstöðva Banana.

Ábyrgðaraðilar stefunnar og eignarhald

Framkvæmdastjórn Banana samþykkir sjálfbærnistefnu félagsins og sér til þess að stefnan sé uppfærð á tveggja ára fresti. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að stefnan sé innleidd og fylgt eftir innan fyrirtækisins. Árangur í sjálfbærnimálum er tekinn fyrir árlega í samfélagsskýrslu Banana og kynntur í ársuppgjöri Haga ár hvert. Þá er stefnan er birt á vefsíðu Banana.

Sjálfbærniungjörð Banana

Heildstæður rammi hefur verið settur utan um umhverfispætti, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS) félagsins.

Mikilvægustu UFS viðfangsefni eru skilgreind sem þau atriði sem hafa eða gætu haft mest áhrif á fyrirtækið og hagsðila þess.

Sjálfbærnistefna **Banana**

Sjálfbærnistefna Banana byggir á þremur meginstoðum:

1) Umhverfispættir

Banarar leggja áherslu á að þekkja þau beinu og óbeinu áhrif sem starfsemi félagsins hefur á umhverfið og leitast við að lágmarka áhrif á loftslag og önnur umhverfisáhrif í virðiskeeðjunni og draga úr neikvæðum áhrifum eftir fremsta megni. Þarna er einkum átt við losun gróðurhúsalofttegunda, hverskonar mengun, matarsóun og athafnir sem stuðla að hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa.

Fyrirtækið leggur megináherslu á að draga úr vöru- og matarsóun í virðiskeeðju sinni þar sem dregið verði úr að vörum og mat sé hent og þær heldur nýttar á einn eða annan hátt.

Banarar mæla heildarlosun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt alþjóðlega viðurkenndri aðferðarfræði Greenhouse Gas Protocol. Leitast er við að lágmarka sorp frá rekstri Banana með hringrásarhugsun, vali á nauðsynlegum umbúðum og flokkun á sorpi.

Fyrirtækið hefur fundið grunnkolefnisspor miðað við núverandi rekstur á beinni og óbeinni losun á umfangi 1 og 2 og í kjölfarið sett sér stefnu í loftlagsmálum og skýr markmið með tilliti til allra losunarþátta. Þá er mæling jafnframt hafin á stærstu losunarþáttum félagsins í umfangi 3.

Þegar félagið hefur fengið skýra yfirsýn á losun verður áætlun mótuð til að draga úr losun til 2027. Notast verður við ábyrgar mótvægisáðgerðir með kolefnisbindingu í samstarfi við aðila sem bjóða upp á vottaðar kolefniseiningar en fyrirtækið mun leitast við að styðja við framleiðslu á íslenskum kolefniseiningum.

2) Félagslegir þættir

a) Mannauður

Banarar kappkosta að tryggja vellíðan og öryggi starfsfólks og er jafnrétti haft að leiðarljósi í virðiskeeðju félagsins.

Banarar sækist eftir góðu og fjölbreyttu starfsumhverfi þar sem áhersla er lögð á fjölbreytileika og jafnrétti á vinnustað. Með því skapast breiðari og fjölbreyttari þekking hjá fyrirtækinu þar sem allir fá jöfn tækifæri. Innan Banana eru fordómar, áreitni og einelti ekki liðið.

Fyrirtækið leggur áherslu á að þróa heilsueflandi starfsumhverfi og er vellíðan á vinnustað mikilvægur partur af stefnu Banana, þar sem er bæði hugað að líkamlegri og andlegri heilsu, þróun starfsfólks og öryggi á vinnustað.

Félagið starfar eftir vottuðu jafnlaunakerfi samkvæmt jafnlaunastaðli IST 85:2012 síðan 2019 (sjá síðar í skýrslunni).

b) Neytendur

Hagsmunir neytenda og lýðheilsa eru höfð í fyrirrúmi í starfsemi Banana. Félagið styður við ýmis samfélagsleg málefni hvort sem er í formi styrkja til góðgerðamála, iþróttafélaga eða annarra samstarfsverkefna.

Banarar hafa einsett sér að hafa jákvæð samfélagsleg áhrif með fræðslu til neytenda og vöruframboði með aukinni áherslu á sjálfbærar, vottaðar og heilsusamlegar vörur.

3) Stjórnarhættir

Banarar tryggir að stjórnarhættir séu ávallt til fyrirmyndar og í samræmi við lög og reglur. Fyrirtækið tryggir gagnsæi í virðiskeeðju og að koma í veg fyrir hverskyns spillingu með því að innleiða siðareglur fyrir starfsfólk, bingja og þjónustuaðila sem eru endurskoðaðar með reglubundnum hætti.

Sjálfbærni og loftlagsmál eru innleidd sem fast viðfangsefni á fundum hjá stjórnendum. Fyrirtækið ætlar árlega að gefa út samfélagskýrslu sem miðlar markmiðum og lykilmælikvörðum Banana. Þetta er annað árið sem Banarar gefa út samfélagskýrslu.

Yfirlit yfir sjálfbærniáherslur



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Árið 2000 settu Sameinuðu þjóðirnar fram Þúsaldarmarkmið til ársins 2015 sem sneru fyrst og fremst að þróunarríkjunum. Mikill árangur náðist og því var ákveðið að setja ný markmið til ársins 2030 og ná þau til allra ríkja heims.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru svo samþykkt árið 2015. Þau eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og ná bæði til alþjóðasamstarfs og innanríkismála. Þau eru samtengd og órjúfanleg og er þeim ætlað að mynda jafnvægi milli umhverfislegra, efnahagslegra og félagslegra þátta og leiða þannig til sjálfbærrar þróunar. Markmiðin eru algild, sem merkir að aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa skuldbundið sig til að innleiða þau bæði innanlands og með alþjóðasamstarfi.

Banarar og heimsmarkmiðin

Heimsmarkmiðin eru margþætt og metnaðarfull. Þau krefjast þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila til að markmið um sjálfbærni náist fyrir 2030.

Banarar hafa forgangsraðað fimm heimsmarkmiðum út frá stefnumiðum félagsins. Þau tengjast kjarnastarfsemi Banara, starfsemi móðurfélagsins og forgangsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar.



Markmið Banara eru eftirfarandi:



- Að stuðla að heilbrigðu lífverni og vellíðan



- Að jafnrétti kynja sé tryggt og völd kvenna styrkt



- Að stuðla að jöfnum tækifærum og draga úr ójöfnuði



- Að stuðla að sjálfbærri neyslu og draga úr soun



- Að grípa til aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra

Umhverfismál

Sjálfbærnisráðgjafir 2023



Umhverfismál

Banarar vilja vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif starfsemi sinnar og losun gróðurhúsalofttegunda. Loftslagsbreytingar af mannavöldum eru ein stærsta áskorunin sem við glímum við í dag og nauðsynlegt að allir leggjast á eitt til að hægt verði að ná markmiði Parísarsamkomulagsins um að halda hlýnun jarðar innan við 1,5 gráður frá því fyrir iðnbyltingu.

Fyrir söfnun gagna, úrvinnslu og miðlun upplýsinga sem tengjast sjálfbærnivegferð Banara styðst fyrirtækið við stafræna lausn Klappa grænna lausna. Þar fæst góð rauntíma yfirsýn sem styður við markvissa ákvarðanatöku fyrir UFS þætti í rekstri fyrirtækisins.

Flokkun sorps og endurvinnsla

Á síðustu árum höfum við unnið markvisst að því að auka flokkun með það að markmiði að hámarka endurvinnslu- og endurnýtingarmöguleika.

Banarar hafa innleitt mörg verkefni sem þegar hafa verið framkvæmd, má þar nefna samstarf með PureNorth árið 2023 þar sem moltustöð var sett upp innanhúss í tilraunarstarfsemi en með henni er hægt að breyta lífrænum úrgangi í næringarríkan áburð.

Í framhaldinu var tekin ákvörðun að ganga skrefinu lengra og setja upp jarðgerðarkerfi þar sem öllum lífrænum úrgangi er skilað. Stefnt er að uppsetningu kerfisins á öðrum ársfjórðungi 2024. Með þessu ferli og notkun jarðgerðarkerfis mun heildarþyngd lífræns úrgangs minnka um a.m.k. 85% sem mun fækka ferðum á förgunarstað auk þess sem verðmæt molta verður til.

Við val á umbúðum fyrir framleiðsluvörur okkar er litið til umhverfisþátta og veljum við þær umbúðir fyrir vörurnar okkar sem eru best til þess fallnar hverju sinni til að vernda vöruna og uppfylla umhverfissjónarmið á sama tíma.

Mótvægisáðgerðir með kolefnisbindingu

Síðustu ár hafa Banarar gróðursett tré sem mótvægisáðgerð með kolefnisbindingu til að veða á móti losun gróðurhúsalofttegunda. Mótvægisáðgerðir með kolefnisbindingu fyrir árið 2022-2023 komu til framkvæmda á árinu 2023 í gegnum Haga, móðurfélag Banara.

Áðgerðaráætlun um orkuskipti

Við val á bílum fyrir rekstur Banara er stefnan að velja alltaf rafmagnsbíl svo lengi sem drægni henti rekstrinum en við reiknum með að rafmagnsbílum fjölgi hratt á næstu árum.

Banarar kaupa vistvæna lyftara, rafmagnsbíla og flutningabíla. Þremur jarðefnaeldsneytis bílum var skipt út á árinu 2023 fyrir hreina rafmagnsbíla. Að auki var þremur tinslutækjum með sýrurafgeymi skipt út fyrir lithium 2023. 57% bílaflota Banara árið 2023 voru rafmagnsbílar.

Loftslagsbreytingar

Veljum Íslenskt

Fyrirtækið leggur áherslu á að velja innlenda framleiðslu til innkaupa sé þess kostur með það að leiðarljósi að lágmarka kolefnisspor í flutningi og stuðla að aukningu á innlendri framleiðslu. Bananar kaupa stóran hluta af allri framleiðslu garðyrkjubænda á Íslandi. Mikil eftirspurn er eftir innlendu grænmeti og ávöxtum hjá viðskiptavinum Banana. Miðað við eftirspurnina telur starfsfólk Banana að sala á innlendu grænmeti og ávöxtum gæti verið allt að 50% meiri en hún er í dag. Fyrirtækið leggur því sérstaka áherslu á virka þátttöku í nýsköpun í matvælaframleiðslu og stuðningi við innlenda ræktendur.

Fjárfesting í kolefniseiningum

Þótt aðaláhersla sé lögð á samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda hjá Bönunum þykir jafnframt mikilvægt að styðja við lausnir sem miða að bindingu kolefnis eða forðun á losun gróðurhúsalofttegunda.

Bananar starfa samkvæmt stefnu Haga en sú stefna felur í sér að fjárfesta í fjölbreyttum og ábyrgum verkefnum sem leggja áherslu á rekjanleika og mælingar. Þá er einnig lögð áhersla á að fjárfestingin skili sér innanlands eða til samfélaga sem eru einstaklega viðkvæm fyrir afleiðingum loftslagsbreytinga.

Fjárfest var í eftirfarandi verkefnum:

YGG Carbon: Íslenskt skógræktarverkefni sem hefur hlotið vottun frá iCert í samræmi við Skógarkolefnisstaðalinn. Fjárfest var í vottuðum kolefniseiningum í bið úr verkefni YGG við Hvanná á Jökuldal sem munu raungerast á árunum 2032 til 2072 samhliða því sem skógurinn vex.

Bio-Logical: Binding kolefnis með framleiðslu lífkola úr hnetuskeljum í Keníu. Verkefnið hefur tengingu við matvælaframleiðslu þar sem lífkol eru notuð til að auðga jarðveg til ræktunar. Áætlaður varanleiki bindingarinnar er a.m.k. 100 ár, en gæti numið margfalt því. Verkefnið er vottað af puro.earth. Fjárfest var í vottuðum kolefniseiningum sem munu raungerast á þessu ári.

Running Tide: Kolefnisbinding sem fer fram með því að útbúin eru kolefnisflothyli úr timbri, kalksteini og þörungum sem fleytt er út á rúmsjó þar sem þau sökkva djúpt til sjávar. Áætlaður varanleiki bindingarinnar er þúsundir til milljón ár. Kolefniseiningar Running Tide eru óvottaðar, en ekki hefur verið til vottunarrámmi fyrir þessa tegund verkefna sem er ný af nálinni. Verkefnið hefur þó verið tekið út af óháðum þriðja aðila.

SoGreen: Verkefnið snýr að því að tryggja allt að 200 stúlkum í Sambíu fulla fimm ára gagnfræðaskóla-menntun. SoGreen hefur þróað aðferðarfræði og reiknilíkan sem magngreinir loftslagsávinning þess að auka menntunarstig stúlkna í þróunarríkjum í tonnum af koltvísýringsígildum. Kolefniseiningar sem SoGreen framleiðir eru óvirkar og óvottaðar sem stendur, en unnið er að vottun þeirra ásamt skráningu í loftslagskrá International Carbon Registry.

Helstu breytingar í sjálfbærniuppgjöri

Síðastliðið ár hefur markvisst verið unnið að því að útvíkka losunarbókhald Banana svo það gefi betri mynd af heildaráhrifum félagsins á loftslag. Mikilvægismat var framkvæmt í þeim tilgangi að forgangsraða útreikningum á losunarbáttum eins og þeir eru skilgreindir í Greenhouse Gas Protocol. Við matið var annars vegar horft á áætlað eða útreiknað umfang losunarbáttar og hins vegar hversu aðgengilegt væri að framkvæma útreikninga á viðkomandi losunarbætti.

Grænmerktir losunarbættir eru þeir sem taldir hafa verið fram í fyrri uppgjörum félagsins á meðan þeir gulmerktu hafa ekki verið gerðir upp hingað til. Með hliðsjón af umræddu mikilvægismati var ákveðið að bæta eftirfarandi losunarbáttum við losunarbókhaldið og reikna þá út afturvirktilt til ársins 2022:

- Lekalosun (Umfang 1)
- Aðkeypt vara og þjónusta (Umfang 3)
- Aðkeyptur flutningur og dreifing (Umfang 3)

Þetta er einnig í fyrsta sinn sem samstæðuuppgjör Haga, sem Bananar er hluti af, er staðfest með takmarkaðri vissu af óháðum þriðja aðila (Deloitte).


Losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi Banana er gerð upp í samræmi við Greenhouse Gas Protocol aðferðarfræðina og er notast við Sustainability Platform hugbúnaðarlausn Klappa til þess að halda utan um losunarbókhaldið.

Greenhouse Gas Protocol aðferðarfræðin skiptir losun upp í þrjú umfang:

Umfang 1 nær til beinnar losunar frá starfsemi Banana. Það er losun sem verður til í rekstri félagsins, s.s. vegna eldsneytisbruna farartækja eða gasleka af kælikerfum.

Umfang 2 nær til óbeinnar losunar vegna aðkeyptrar orku. Það er losun sem verður til við framleiðslu á því rafmagni og heitavatni sem notað er í starfsemi Banana.

Umfang 3 nær svo til annarrar óbeinnar losunar sem á sér stað í virðiskeðju Banana og er tilkomin vegna viðskiptaumsvifa félagsins. Umfang 3 inniheldur 15 losunarflokka sem skiptast í aðstreymi (e. upstream) og frástreymi (e. downstream).




Helstu niðurstöður

Mæld heildarlosun Banana var **18.974 tonn af koltvísýringsígildum (tCO₂i)** og minnkaði hún um **3,3%** milli ára.


Umfang 1 & 2

- Losun var 668 tCO₂i og hækkaði um 242% milli ára
 - Ástæða hækunarinnar var leki sem átti sér stað á kælikerfi Banana sumarið 2023
- **Lekalosun var 525,6 tCO₂i eða 79% af losun Banana í umföngum 1 & 2**
 - Verið er að undirbúa kolsýruvæðingu á kælikerfinu sem mun koma í veg fyrir slíka losun í framtíðinni
- Losun vegna eldsneytisnotkunar farartækja var 124,1 tCO₂i og **minnkaði um 6,2%** á milli ára
- Losun vegna rafmagnsnotkunar stóð gott sem í stað (minnkaði um minna en 1%)
- Losun vegna heitavatnsnotkunar hækkaði aðeins



Umfang 3

- Losun í umfangi 3 var 18.306 tCO₂i og **lækkaði um 5,3% á milli ára**
- Langstærstu losunarbættirnir eru aðkeypt vara til endursölu og aðkeyptur flutningur
 - Um er að ræða losun sem er til komin vegna hráefnaöflunar, framleiðslu og flutning á söluvörum
- Losun vegna aðkeyptrar vöru til endursölu var 14.155,7 tCO₂i og hækkaði um 0,7%
 - Ástæðan er aukning í keyptu og seldu magni
- Losun vegna aðkeypts flutnings var 4.073,2 tCO₂i og **lækkaði um 21%** á milli ára
 - Ástæðan er minnkun á flugfrakt sem hlutfall af heildarinnflutningi
- Losun vegna úrgangs var 42,7 tCO₂i og **minnkaði um 51%** á milli ára



Losunaryfirlit 2022-2023 (tCO₂Í)

Umfang 1	2022	2023	Breyting (%)
Eldsneytisnotkun farartækja	132	124	-6%
Lekalosun frá kælikerfum	128	526	311%
SAMTALS	260	650	150%

Umfang 2	2022	2023	Breyting (%)
Rafmagnsnotkun	11	11	0%
Heitavatnsnotkun	5	7	40%
SAMTALS	16	18	13%

Umfang 3	2022	2023	Breyting (%)
Aðkeypt vara til endursólu	14.059	14.156	1%
Afleidd losun vegna orkunotkunar	35	33	-6%
Aðkeyptur flutningur og dreifing	5.150	4.073	-21%
Úrgangur	87	43	-51%
Viðskiptaferðir	9	1	-89%
SAMTALS	19.339	18.306	-5%

SAMTALS LOSUN	19.615	18.974	-3%
----------------------	---------------	---------------	------------

Loftslagsbreytingar



Við styðjum við **heimsmarkmið 13** um aðgerðir í loftslagsmálum á eftirfarandi hátt:

	Yfirmarkmið	Undirmarkmið og aðgerðir	Staða
1	Net-Zero 2030 í umfangum 1 & 2		
1.1	A.m.k. 80% samdráttur á raunlosun fyrir 2030 mv. 2023	Rafbílavæðing Kolsýruvæða kælikerfi	✓ 3 jarðefnaeldsneytisbílum var skipt út fyrir hreina rafmagnsbíla 2023 ✓ 3 tínslutækjum með sýru rafgeymi var skipt út fyrir lithium 2023 57% bílaflota Banana 2023 voru rafmagnsbílar
1.2	Kolefnisbinding með raungerðum og vottuðum einingum	Fjárfesting í kolefnisvottuðum einingum sem raungerast frá og með 2030	✓ Endurskoðað árlega
2	Bættar mælingar og samdráttur á losun í virðiskeðju		
2.1	Bættar mælingar á virðiskeðjulosun	Mæling á yfir 90% heildarlosun	Með þeim viðbótum sem gerðar voru við kolefnisbókshaldið í ár er áætlað að við séum að ná utan um a.m.k. 95% af heildarlosun Banana. Áfram verður svo unnið að því að bæta við frekari losunarpáttum
2.2	Aukið framboð á vörum með lægra kolefnisspor	Innleiðing á innkaupastefnu með áherslu á sjálfbærnisjónarmið	Í vinnslu. Áhersla er m.a. á að draga úr flugsendingum, að endurvinnna pakkningar í flutningi og auka gæði innkaupa og draga úr afskriftum. Verður útgefin 2024
2.3	Lágmörkun losunar vegna vöruflutninga	Lágmörkun á flugfrakt eins og kostur er	Flugfrakt var 1% minni 2023 en 2022
3	Stuðla að fæðuöryggi á Íslandi		
3.1	Tryggja aðlögunarhæfni í virðiskeðju vegna hugsanlegs matvæskorts sem afleiðingu af loftslagsbreytingum	Auka fjölbreytni í birgjavali frá mismunandi löndum Aukinn stuðningur og fjölbreytni í innlendri framleiðslu	Stuðningur við innlenda framleiðendur er partur af mörgum samstarfsverkefnum Banana

Ábyrg neysla og framleiðsla

Stór hluti úrgangs Banana er lífrænn úrgangur ávaxta og grænmetis sem ekki er hæft til neyslu sem og afskurður frá vinnslu.

Á árinu 2023 var enn betri árangri náð í úrgangsmálum með bættri flokkun. Stærri hluti lífræns úrgangs fer nú í endurnýtingu en áður.

Í framhaldi af verkefni með Pure North þar sem moltustöðvar voru settar upp innanhúss var ákveðið að setja upp stærra kerfi þar sem öllum lífrænum úrgangi í fyrirtækinu verður beint. Þannig fer fram umtalsverð ummálminnkun úrgangs strax í vöruhúsi Banana sem fækkar ferðum með flutningabílum á losunarstöðvar og að auki verður til verðmæt afurð sem er næringaríkur áburður sem skilar sér aftur út í hringrásarhagkerfið. Undirbúningur verkefnis hófst 2023 og verður kerfið komið í notkun á öðrum ársfjórðungi 2024.

Umbúðir eru hluti þess úrgangs sem fellur til hjá Bönunum

Markmið Banana er að bæta flokkun á umbúðum. Plast og pappi er flokkaður og ætla Bananas að gera enn betur í þeim málaflokki með því að flokka pappann enn frekar, þjappa honum betur saman og koma beint í endurvinnslu.

Mælingar á umhverfisáhrifum í starfsemi Banana

Við söfnun gagna styðjast Bananas við hugbúnað frá Klöppum ehf. Upplýsingar um úrgangstölur hafa verið uppfærðar fyrir árið 2022 og eru því aðrar en birtar voru í samfélagsskýrslu 2022. Skýringin á því er að gögn vantaði inn í kerfi Klappa, sem nú hefur nú verið lagfært.

Meðhöndlun úrgangs	Eining	2023	2022	2021	2020	2019
Heildarmagn úrgangs	kg	811.740	391.045	146.297	184.321	224.490
Þar af flokkaður úrgangur	kg	742.770	230.564	78.156	58.691	60.130
Þar af óflokkaður úrgangur	kg	68.970	160.481	68.141	125.630	164.360
Endurunnin úrgangur	kg	744.090	233.608	80.935	58.691	60.130
Úrgangi fargað	kg	67.650	157.437	65.362	125.630	164.360
Hlutfall flokkaðs úrgangs	%	91,5%	59%	53,4%	31,8%	26,8%
Hlutfall endurunnins úrgangs	%	91,7%	59,7%	55,3%	31,8%	26,8%



Við styðjum við **heimsmarkmið 12** um ábyrga neyslu og framleiðslu á eftirfarandi hátt:

	Yfirmarkmið	Undirarkmið og aðgerðir	Staða
1	Draga úr vöru- og matarsóun í virðiskeðjunni		
1.1	Kortleggja núverandi matarsóun í virðiskeðjunni	Mæld vöru- og matarsóun í rekstri Greining á hvar í virðiskeðjunni sóun á sér stað (orsakir)	✓ Mælingar halda stöðugt áfram í vinnslu
1.2	Draga úr vöru- og matarsóun með markvissum hætti	Ná vörusóun (hent) niður um 75% Stefna og uppfærðir verkferlar til að draga úr matarsóun Leiðbeiningar til birgja um frágang vöru til flutnings	✓ Virkt gæðaeftirlit á vörum í verslunum ✓ Virkt gæðaeftirlit í vöruhúsi
1.3	Koma í veg fyrir vöru- og matarsóun með samstarfi	Lækka hlutfall óseljanlegra vara og afskurðar um 15% per ár með því að koma í áframhaldandi notkun	✓ Samstarf með ýmsum góðgerðarstofnunum, aðilum, sprotafyrirtækjum o.fl. sem nýta afurðir sem ekki eru söluhæfar vegna útlits
2	Bætt úrgangsflokkun; lágmörkun úrgangs og sóunar		
2.1	Gera greiningu á sorpi og söfnun þess	Greina verklag um hvernig sorpmálum er háttað	✓ Í samstarfi við Pure North
2.2	Draga úr heildarmagni úrgangs sem er fargað	Nýtt verklag innleitt í flokkun á umbúðum og matvælum	✓ Heildarúrgangur sem var fargað 2023 lækkaði úr 157.437kg í 67.650kg. 57% lækkan milli ára
2.3	Draga úr umbúðanotkun með markvissum hætti	Greining á umbúðanotkun og breyting á verklagi lækkan á umbúðum sem er hent (plast vs. pappír)	Í vinnslu
2.4	Heildræn stefna í úrgangsmálum	Stefna í úrgangsmálum	Í vinnslu
2.5	Flokka a.m.k. 85% af sorpi frá rekstri	Vinnuferill innleiddur þar sem matvæli sem ekki lengur eru neyusluhæf eru tekin úr umbúðum og flokkuð	✓ Hlutfall á flokkuðu sorpi jókst um 185% milli ára 2022 og 2023. Flokkunarhlutfall var 91,5% . Samtala lífræns og blandaðs úrgangs hefur minnkað úr 41% (2022) í 8,5% (2023) Markmiði náð!
3	Umhverfisvænni umbúðir á eigin framleiðsluvörum		
3.1	Að umbúðir séu endurvinnanlegar eins og kostur er og auðvelt sé fyrir neytandann að flokka þær	Notast við endurvinnanlegt efni í umbúðum. FENÚR merkingar og að auðvelt sé að taka mismunandi efni í sundur sbr. pappi og plast.	Undirbúningur á nýjum framleiðsluvörum í umbúðum úr endurrunni plasti og pappa. Leiðbeiningar um flokkun skv. FENÚR flokkunarkerfinu. Vörur settar á markað 2024
3.2	Flokkun á plasti og pappa	Allur pappi og plast flokkað. Taka pappapressu í notkun og selja pressaðan pappa til frekari endurvinnslu	Allt plast og pappi er flokkað. Pappapressa verður tekin í notkun 2024

Félagsslegir þættir



Bananas er rötgróið fyrirtæki sem hefur tekið miklum stakkaskiptum og áherslubreytingum á síðustu misserum. Þessar breytingar hefðu ekki verið mögulegar án samvinnu allra í okkar samheldna starfsmannahópi.

Fyrirtækið hefur á að skipa fjölbreyttum og fjölbjóðlegum starfsmannahópi en hjá okkur starfa að jafnaði 105 starfsmenn, með fjölbreyttan bakgrunn. Allt frá innkaupum til dreifingar leggur starfsfólk Bananas sig fram við að koma hágæða grænmeti og ávöxtum til verslana og fyrirtækja um allt land.

Mannauður og menning

Einn af lykilstyrkleikum Bananas og samkeppnisforskot er einmitt mannauðurinn og sú gríðalega þekking, reynsla og fjölbreytileiki sem finna má í starfsmannahópnum okkar. Við lærum af ólíkri reynslu og bakgrunni hvors annars sem gerir okkur kleift að finna lausnamiðaða nálgun á verkefnum.

Markmið okkar er að vera eftirsóknaverður vinnustaður, skipaður vel þjálfuðu, stoltu og ánægðu starfsfólki. Hjá Bönunum er því lögð rík áhersla lögð á jákvæða vinnustaðamenningu sem einkennist af trausti, virðingu og samvinnu heilt yfir.

Gildin okkar

Gildi fyrirtækisins spila stóran sess í áherslum og stefnu mannauðsmála og eru kjarninn í öllu sem við framkvæmum, hugarfari okkar og samskiptum á vinnustaðnum, hvort sem um ræðir samstarfsfélaga, viðskiptavinum eða birgja.



Heiðarleiki

Við erum heiðarleg í samskiptum sem byggja á gagnkvæmu trausti og virðingu

Við komum hreint fram og stöndum við það sem við segjum

Við höfum öll rödd



Hamingja

Við erum liðsheid og saman sköpum við jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi þannig að okkur líði vel í vinnunni

Við hjálpumst að við ná markmiðum okkar því saman náum við betri árangri



Hugrekki

Við sýnum hugrekki og frumkvæði að lausnum verkefna og áskorana

Við tökum ábyrgð á eigin frammistöðu og þorum að hugsa út fyrir boxið



Heilbrigði

Við viljum auka neyslu á vörum okkar og þannig að leggja okkar af mörkum að auka heilbrigði samfélagsins

Jafnréttis- og jafnlaunastefna

Jafnlaunastefna Banana er órjúfanlegur hluti af launastefnu Banana og er ætlað að tryggja öllu starfsfólki sem starfar hjá fyrirtækinu jöfn tækifæri eins og kveðið er á um í lögum og stjórnarskrá um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Markmið stefnunnar er að stuðla að því að allt starfsfólk hafi jöfn tækifæri og koma í veg fyrir hvers konar mismunun.

Eftirfarandi jafnlaunamarkmið skulu höfð að leiðarljósi:

1. Bananas er vinnustaður þar sem öll kyn eiga jafna möguleika til starfa.
2. Bananas greiða jöfn laun og starfsfólk fær sömu kjör fyrir jafnverðmæt störf.
3. Bananas er vinnustaður þar sem starfsfólk getur samræmt vinnu og einkalíf.
4. Bananas líða ekki einelti, fordóma, kynbundið ofbeldi eða kynferðislega áreitni.
5. Bananas gæta þess að allt starfsfólk hafi sömu tækifæri til starfsþróunar, náms og fræðslu.


Bananas hafa frá árinu 2019 fylgt jafnlaunakerfi sem nær til alls starfsfólks til að framfylgja settum stefnumiðum og höfum við hlotið jafnlaunavottun og uppfyllt skilyrði jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2013, frá

þeim tíma. Óútskýrður launamunur Banana hefur ávallt verið undir viðmiði og árið 2023 var hann 1,2% kórlum í vil.

Til að uppfylla skilyrði laganna og stefnunnar skuldbindur fyrirtækið sig til að skjalfesta, innleiða, viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfisins í samræmi við kröfur staðalsins og ákvarða hvernig kröfur hans verða uppfylltar.

Ákveðið verklag er viðhaft við launaákvörðanir innan fyrirtækisins sem hefur það að markmiði að tryggja heildaryfirsýn yfir laun, stöðugar umbætur á launakerfinu, eftirlit með kynbundnum launamun og viðbrögð sem felast í því að leiðrétta kynbundinn launamun tafarlaust, komi hann í ljós.

Stjórn setur fram jafnlaunamarkmið og rýnir jafnlaunakerfið árlega. Jafnlaunamarkmið skulu endurskoðuð út frá niðurstöðum launagreiningar. Stjórnendur skulu einnig skuldbinda sig til að viðhalda stöðugum umbótum, eftirliti og bregðast við óútskýrðum launamun og þeim frávikum sem koma fram við rýni á jafnlaunakerfinu.



JAFNLAUNAVOTTUN
2022-2025

Jafnrétti og fjölbreytni

Fjölbreytni og fjölmennning

Við erum virkilega stolt af okkar fjölbjóðlega og fjölbreytta starfsmannahópi, sem hefur rætur að rekja til 16 landa og 5 heimsálfa. Í starfsmannahópi Banana er hlutfall erlends starfsfólks u.þ.b. 70% á móti u.þ.b. 30% hlutfalli Íslendinga. Kynjahlutfallið er kórlum í vil eða 70% á móti tæplega 30% konum. Fjölbreytileiki starfsmannahópsins er einn af styrkleikum Banana. Saman höfum við heildrænni sýn sem veitir okkur samkeppnisforskot.

Mismunur er ekki liðin

Jákvæð vinnustaðamenning í fjölbjóðlegu vinnuumhverfi krefst þess að við sýnum hvort öðru virðingu þrátt fyrir ólíkan uppruna og bakgrunn. Hvers kyns mismunur vegna kynþátta, þjóðernis, kynhneigðar, trúar, fötlunar, aldurs, kyns, lífsskoðunar eða annars sem gæti aðgreint okkur, er ekki liðin hjá Bönunum. Jafnréttisstefna Banana er til þess fallin að tryggja að mismunur eigi sér ekki stað á vinnustaðnum. Bananas eru einnig með skýra stefnu og aðgerðaráætlun í málum er varða einelti, kynbundna- og kynferðislega áreitni og ofbeldi á vinnustað. Starfsfólk getur tilkynnt mismunur, óæskilega hegðun og/eða líðan undir nafnleynd og eru slíkar tilkynningar alltaf meðhöndlaðar sem trúnaðarmál, hvort sem hún berst undir nafnleynd eða ekki. Á vinnustaðnum er einnig trúnaðarmaður og öryggistrúnaðarmenn sem hægt er að leita til.

Púlsmælingar á starfsánægju starfsfólks eru jafnframt framkvæmdar á tveggja mánaða fresti sem veitir dýrmæta innsýn í líðan starfsfólksins hverju sinni. Bananas hlutu viðurkenninguna **Vinnustaður í fremstu röð 2023** frá Moodup. Forsendur þess að hljóta nafnbótina er að mæla starfsánægju á hverjum ársfjórðungi, bregðast við endurgjöf starfsfólks og ná árangursviðmiði um starfsánægju samanborið við aðra íslenska vinnustaði.

Starfsþróun

Við leggjum ríka áherslu á starfsþróun og eru fjölmörg dæmi þess hjá fyrirtækinu. Stefna fyrirtækisins tengd starfsþróun er að halda í dýrmæta reynslu og þekkingu og efla hvort tveggja enn frekar. Til að tryggja möguleika starfsfólks til starfsþróunar þá auglýsum við lang flestar lausar stöður innan fyrirtækisins. Hlutfall starfsþróunar hjá fyrirtækinu er 7,6%, þ.e. hlutfall starfsfólks sem hefur þróaðist í önnur stöðugildi innan vinnustaðarins á síðastliðnu rekstrarári. Að sama skapi hafa 5 af þeim 6 millistjórnendum, sem starfa hjá Bönunum, tekið við stöðu millistjórnanda eftir innri starfsþróun, eða 83%. Hlutfall kvenna í millistjórnendastöðum er 17% á móti 83% karla og hlutfall þeirra sem eru af erlendu bergi brotin er 83% á móti 17% Íslendinga. Við myndum gjarnan vilja jafna hlutföll en í því samhengi er vert að nefna að u.þ.b. 80% umsókna sem berast um laus störf hjá okkur eru frá karlkyns umsækjendum. Í töflunni hér að neðan má sjá frekari upplýsingar um fjölbreytileika í stjórnunarstöðum hjá fyrirtækinu en þar má m.a. sjá auknið jafnræði á hlutfalli karla og kvenna en ekkert hlutfall stjórnenda af erlendu bergi brotin, sem má að stærstum hluta skýra vegna kröfu um íslensku kunnáttu.

Stjórnunarstöður	Fjöldi	Starfsþróun	Ráðning	KK	Kvk	Erlend	Íslensk
Millistjórnendur	6	83%	17%	83%	17%	83%	17%
Stjórnendur	12	17%	83%	58%	42%	0%	100%
Framkvæmdastjórn	6	33%	67%	67%	33%	0%	100%



Heilbriggt og öruggt starfsumhverfi

Í hröðu vinnuumhverfi sem okkar skiptir höfuðmáli að tryggja öryggi starfsfólksins.

Öryggi og vinnuvernd

Hjá Bönunum viljum við að öll komi heil heim og til að tryggja það höfum við áhættumetið öll störf og starfsstöðvar fyrirtækisins ásamt því að leggja aukinn þunga í þjálfun.

Öll vinnuslys eru skráð og tilkynnt til Vinnuettirlitsins samkvæmt reglum sem um þau gilda hverju sinni. Atvikaskráning er viðhöfð sem er mikilvæg til að átta sig á hvar má gera betur.

Hjá Bönunum er einnig starfrækt Öryggisnefnd, nefndin skipar teymi fimm starfsmanna sem gegna mikilvægu hlutverki öryggistrúnaðarmanna og sinna ötuldu öryggis- og vinnuverndarstarfi hjá fyrirtækinu.

Heilsa og vellíðan

Fyrirtækið einsetur sér að vera heilsuefandi vinnustaður fyrir starfsfólk sitt sem jafnframt styður mannauðsstefnu fyrirtækisins, að vera eftirsóknarverður vinnustaður.

Banarar leitast við að hafa vinnuskipulag þannig að jafnvægi skapist milli fjölskyldu og einkalífs. Viðverustefna og fjarverusamtöl hafa verið innleidd sem utanumhald og stuðningur við starfsfólk. Ytt er undir heilsueflingu starfsfólks með ýmsum hætti og í mötuneyti Banana er eldaður heilsusamlegur matur ásamt því að ávextir og grænmeti eru aðgengileg öllu starfsfólki yfir vinnudaginn.

Upplýsingagjöf, fræðsla og þjálfun

Við leggjum áherslu á gagnsæi og upplýsingagjöf til starfsfólks, sem mikilvægan lið í heilbrigðu starfsumhverfi. Við innleiddum nýtt samskipta- og fræðsluapp fyrr á árinu sem gerir okkur kleift að upplýsa starfsfólk um mikilvæg málefni á þremur tungumálum. Einnig höldum við reglulega starfsmannafundi í matsal fyrirtækisins á tveimur tungumálum.

Móttaka nýliða og fóstrakerfi hefur verið sett á lagginnar með það að markmiði að auka öryggi og vellíðan nýs starfsfólks og tryggja viðeigandi utanumhald og þjálfun fyrir hvert starf. Allt starfsfólk Banana fer í gegnum fræðslu og þjálfun gæðastaðla HACCP og öryggismála til að tryggja og hámarka gæði vara og öryggi starfsfólks.

Margs konar námskeið eru haldin sem tengjast öryggi á vinnustað. Þar má helst nefna nýliðafræðslu, lagalega ábyrgð verkstjórnenda, skyndihjálp og endurlífgun, rýmingu húsnæðis og verklega æfingu í notkun slökkvitækja, umgengni og notkun lyftara út frá öryggi þeirra sem vinna á þeim og annarra í nærumhverfinu.

Ásamt því eru handbækurnar Öryggis- og heilbrigðisáætlun og Stefna og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustaðu (EKKO) og Neyðaráætlun og þjálfun, aðgengilegar öllu starfsfólki.



Gæða- og matvælaöryggisstefna

Bananas tryggja gæði og öryggi matvæla og að viðskiptavinir fái gæðavörur sem standast væntingar þeirra. Gæða- og matvælaöryggisstefna Banana var endurskrifuð og útgefin 2023.

Gæða- og matvælaöryggisstefna

Bananas er leiðandi fyrirtæki í innflutningi, sölu og þjónustu til endursöluaðila, stóreldhúsa og veitingahúsa á ferskum ávöxtum og grænmeti. Að auki býður fyrirtækið upp á úrval niðurskorinna ávaxta og grænmetis til frekari matseldar eða neyslu. Fyrirtækið er með lífræna vottun.

Stefna Banana er að bjóða upp á öruggar, ferskar, heilnæmar og ósviknar vörur sem uppfylla væntingar viðskiptavina og stuðla að bættri lýðheilsu landsmanna.

Áhersla er lögð á öguð vinnubrögð og innra eftirlit byggt á HACCP. Unnið er að stöðugum umbótum í þeim tilgangi að tryggja gæði, öryggi og hollustu matvæla og uppfylla þær kröfur sem til þeirra eru gerðar.

Bananas leggja áherslu á góð samskipti, fræðslu og reglubundna þjálfun sem tryggir gæðavitund allra starfsmanna fyrirtækisins. Gæðamál eru samstarfsverkefni alls starfsfólks.

Bananas vinna einungis með samþykktum birgjum og leggja áherslu á gæði frá upphafi. Góð samvinna tryggir að matvælin sem fyrirtækið flytur inn og dreifir uppfylli ströngustu gæðakröfur.

Vörur eru geymdar við bestu skilyrði við flutning, geymslu og dreifingu til þess að hámarka gæði og líftíma og lágmarka sóun. Bananas starfa ávallt í samræmi við gildandi lög og reglugerðir

Samþykkt af gæðaráði. Útgáfa 1.0



Félagslegir þættir



Við styðjum við **heimsmarkmið 3** um heilsu og vellíðan og **heimsmarkmið 10** um aukinn jöfnuð á eftirfarandi hátt:

Yfirmarkmið	Undirmarkmið og aðgerðir	Staða
1 Heilsa og öryggi á vinnustað		
1.1 Aðstaða starfsfólks sé örugg og standist úttektir	Öryggishandbækur Áhættumat Úttekt á vinnuumhverfi og öryggismálum Atvikaskráning	✓ Endurskoðað árlega ✓ Endurskoðað árlega ✓ Endurskoðað árlega ✓ Uppfærð eftir atvikum
1.2 Lágmarka líkur á slysum á vinnustað	Nýliðabjálfun Endurmenntun í öryggismálum Slysaskráning rýnd af stjórnendum	✓ Endurskoðað árlega ✓ Árlega ✓ Uppfærð eftir atvikum
1.3 Heilsueflandi vinnustaður	Heilsueflandi fræðsla Viðverustefna og fjarverusamtöl Boðið upp á flenssprautur Heilsueflandi styrkur fyrir starfsfólk sem hefur starfað a.m.k. 6 mánuði Boðið upp á fjölbreytt og heilsusamlegt mataræði á vinnutíma	Í innleiðingu ✓ Endurskoðað árlega ✓ Árlega ✓ Í innleiðingu ✓ Daglega
2 Jafnrétti og fjölbreytni		
2.1 Einelti, kynferðislegt og kynbundin áreitni, ofbeldi og mismunun er ekki liðin	Skýr stefna og aðgerðaráætlun Jafnréttis- og jafnlaunastefna Fræðsla sem hluti af endurmenntun og nýliðabjálfun Nafnlaust tilkynningarferli	✓ Endurskoðað árlega ✓ Endurskoðað árlega Í innleiðingu ✓ Eftirfylgni í ábyrgð mannauðsstjóra
2.2 Mannauðsstefna sem stuðlar að heilsusamlegri og jákvæðri vinnustaðamenningu	Mannauðsstefna Viðverustefna	✓ Endurskoðað árlega ✓ Endurskoðað árlega
2.3 Byggja upp fjölbreyttan vinnustað þar sem er pláss fyrir alla	Uppfærum "Landakort Banana" Fræðsla um menningarheima (cultural awareness) sem byggir á landakorti vinnustaðarins	Í skoðun ✓ Í innleiðingu

Stuðningur við nýsköpun og góð málefni

Sjálfbærnisráðgjafi 2023



Stuðningur við nýsköpun

Stuðningur við nýsköpun

Uppsprettan er nýsköpunarsjóður á vegum Haga en öll dótturfélögin taka þátt í starfi sjóðsins. Tilgangurinn er að styðja frumkvöðla til nýsköpunar og þróunar í íslenskri matvælaframleiðslu. Sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á stuðning við frumkvöðlaverkefni sem að taka tillit til sjálfbærni við framleiðslu, flutning og þökkun og styðja við innlenda framleiðslu. Tólf sprotaverkefni fengu nýsköpunarstyrk Uppspretunnar árið 2023 að heildarverðmæti 15 milljón króna.

Styrkhafar Uppspretunnar 2023

- **Arctic pies** framleiðir bökur að áströlskum hætti.
- **Casa Italia** framleiðir íslenskt ferskt pasta og notar auðvitað íslenska vatnið í sína framleiðslu.
- **Dragon dim sum** ætlar að bjóða upp á óeldað „dumplings“ ásamt sósum sem er tilvalið að elda heima.
- **Fimma** framleiðir frostþurrkað ávaxta- og grænmetisduft úr grænmeti og ávöxtum sem annars væru vannýtt.
- **Fine foods Íslandica** framleiða þang á umhverfisvænan hátt og nýta það í þróun á kryddum og öðru sem bragðbætir mat.
- **Hreppamjól** framleiðir drykkjarjógurt án sykurs, sem eru gerilsneyddar og ófitusprengrar, í nokkrum bragðtegundum.
- **Íslensk sveppasósa** ætlar að prófa úrvals sósublöndur úr villtum vestfirskum sveppum.
- **Kaja og Ebba** hafa þróað í sameiningu frosna glúteinlausa pizzabotna.
- **Loki foods** framleiðir matvæli sem líkjast kjöti og fiski úr grænmetisafurðum.
- **Svava sinnep** byggir á sænskri sinnepshefð en er að öllu leyti framleitt á Íslandi.
- **Sýra** ætla að bjóða upp á alíslenskt súrsað grænmeti í verslunum.
- **Treatalicious** ætlar að framleiða fyrsta flokks hundanammi, sem er framleitt úr hliðarafurðum sláturhúsa.

Starfsfólk Banana deilir reynslu til frumkvöðla

Uppsprettan veitir frumkvöðlum ekki bara fjárhagslegan styrk til nýsköpunarverkefna heldur búa fyrirtæki Haga yfir mikilli reynslu og þekkingu í verslun, innflutningi og framleiðslu á matvælum.

Starfsfólk Banana hefur veitt fjölda verkefna sem hlotið hafa styrk frá Uppsprettni ýmiskonar ráðgjöf í tengslum við framleiðslu, dreifingu og sölu. Banar hafa m.a. styrkt frumkvöðla með vörum sem falla til hverju í sinni og einnig stutt við frumkvöðla með markaðssetningu, dreifingu og sölu á vörum í verslunum Haga.

Slagorð Uppspretunnar er **“Virkjum kraftinn og gerum það saman.”** Það er okkar hugsjón að kraftur frumkvöðla með stuðningi og þekkingu starfsfólks Haga og dótturfélaga leiði af sér nýjar hugmyndir sem stuðli að grósku í sjálfbærari framleiðslu í matvælaíðnaði, landsmönnum öllum til góða.



Samstarfsverkefni og stuðningur við góð málefni

Stuðningur við innlenda framleiðslu

Banarar leggja áherslu á náið samstarf með smáframleiðendum um land allt með það að leiðarljósi að auka innlenda framleiðslu og nýsköpun í ræktun á Íslandi.

Vörumerki Banana, Úr sveit, var sett á laggirnar til að kynna vörur íslenskra bænda á smásölu- og veitingamarkaði. Gæði og ferskleiki eru einkunnarorð vörumerksins og í öllu markaðs- og kynningarefni eru sagðar einlæggar og persónulegar sögur framleiðendanna.

Banarar trú á því að samstarf við smáframleiðendur ýti undir nýsköpun og sé mikilvægur þáttur í fjölbreyttri framleiðslu í matvælaíðnaði.

Hvítlauksræktun í Dölnum

Á meðal samstarfsaðila Banana eru hjónin Þórunn Ólafsdóttir og Haraldur Guðjónsson, en þau rækta hvítlauk á lífrænan hátt í Neðri-Brekku í Dölnum. Fyrirtæki þeirra hjóna ber nafnið Dalahvítlaukur, en þau ákváðu að fara út í hvítlauksræktun eftir að hafa fylgst með kynningu Garðyrkjufélags Íslands.

Megin framleiðsla þeirra er heill hvítlaukur en einnig eru þau með áform um framleiðslu hliðarafurða, úr hvítlauksrifjum sem eru ekki nógu stór til að nota sem útsæði. Fyrsta varan þeirra á markað var hvítlaukssalt og voru umbúðirnar kynntar undir vörumerkinu Úr sveit.

Hvítlaukssaltið fékk glimrandi viðtökur hjá viðskiptavinum og það verður spennandi að fylgjast með uppskeru komandi sumars hjá þessum dugnaðarhjónum.

Stuðningur við góð málefni

Banarar leggja ríka áherslu á að setja sitt lóð á vogarskálarnar til að efla lýðheilsu og velferð samfélagsins. Við gegnum einnig veigamiklu hlutverki í að sporna við matarsóun og sýnum stuðning í verki til fjölmargra góðra málefna.



Stjórnarhættir

Sjálfbærnisráðgjafsla 2023



Stjórnarhættir

Fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti, lög og reglur

Stjórnarhættir Banarar eru markaðir af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar. Í samþykktum er kveðið á um tilgang félagsins í kafla 1, hlutafé í kafla 2, hluthafafundi í kafla 3, um stjórn og forstjóra í kafla 4 og 5 og um reikningshald og endurskoðun í kafla 6. Gildandi starfsreglur, sem voru samþykktar af stjórn þann 24. mars 2023, eru settar skv. 5. mgr. 70. gr. laga um hlutafélög og eru samþykktum félagsins til fyllingar, samanber grein 4.20 í samþykktum. Gildandi starfskjarastefna Haga var staðfest á aðalfundi félagsins þann 1. júní 2022, en hún nær til allra helstu þátta í starfs- og launakjörum stjórnarmanna félagsins, forstjóra og annarra æðstu stjórnenda samstæðunnar. Óbreytt starfskjarastefna var lögð fyrir næsta aðalfund félagsins til samþykktar þann 1. júní 2023.

Kynjahlutfall í framkvæmdastjórn: Konur 33% og karlar 67%

Starfsreglur og stefnur

Siðareglur

Banarar kjósa að vera fyrsti valkostur viðskiptavina sinna, góður samfélagsþegn og eftirsóttur vinnuveitand. Við leggjum áherslu á þarfir viðskiptavina okkar og uppfyllum þær á einfaldan og hagkvæman hátt. Okkur er annt um orðstír og ímynd fyrirtækisins og traust í okkar garð byggir á frammistöðu okkar hvern dag. Við viljum því vanda til verka og huga að hverju smáatriði.

Banarar starfar eftir siðareglum móðurfélagsins, Haga.

[Sjá siðareglur Haga hér](#)

Persónuverndarstefna

Banarar hafa einsett sér að vinna með persónuupplýsingar í hvívetna í samræmi við lög um persónuupplýsingar og vinnslu persónuupplýsinga, nú lög nr. 90/2018, með áorðnum breytingum. Til að ná því markmiði hafa Banarar tekið saman skrá yfir alla vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram hjá félaginu.

Banarar starfa samkvæmt persónuverndarstefnu Haga.

[Sjá persónuverndarstefnu Haga](#)

Upplýsingastefna

Banarar sinna upplýsingagjöf í samræmi við upplýsingastefnu Haga um birtingu upplýsinga. Stefnan á að tryggja jafnan aðgang hagsmunaaðila að réttum, tímanlegum og áreiðanlegum upplýsingum um starfsemi félagsins á hverjum tíma, í samræmi við lög og reglur sem félaginu ber að fylgja sem útgefandi fjármálagerninga.

[Sjá upplýsingastefnu Haga](#)





Við styðjum við **heimsmarkmið 12** um ábyrgna neyslu og framleiðslu á eftirfarandi hátt:

Heiti markmiðs	Undirmarkmið og Aðgerðir	Staða
1		
1.1	Próa og birta metnaðarfullar siðareglur fyrir birgja og þjónustuaðila Birgjamat sem byggir á UFS viðmiðum Hlutfall stærstu birgja sem hafa staðfest	✓ Í vinnslu ✓ Í vinnslu
1.2	Siðareglurnar eru leiðarljós í allri vinnu og samskiptum Fylgja siðareglum Haga Fræðsla um siðareglur Hlutfall starfsfólks sem skrifar undir Starfsmönnum óheimilt að þiggja persónulegar gjafir frá birgjum og þjónustuaðilum nema með samþykki yfirmanns	✓ Í vinnslu
1.3	Setja sjálfbærni og loftslagsmál sem dagskrárlið inn í fundarskóp stjórnenda Banana	✓ Á vikulegum fundum framkvæmdaráðs
1.4	Gefa út metnaðarfulla sjálfbærnisráðgjafir sem tekur á helstu UFS þáttum	✓ Lokið
1.5	Siðareglur um vernd uppljóstrara	✓ Í vinnslu
2	Tryggja öryggi gagna- og persónuupplýsinga	
2.1	Til staðar sé persónuverndarstefna	✓ Lokið
2.2	Markvist sé unnið með ákvæði persónuverndarlaga	✓ Lokið ✓ Í vinnslu
2.3	Uppfylla skilyrði úttektar vegna persónuverndarlaga	✓ Í vinnslu

Áfram sjálfbærniveginn

Við hjá Bönunum leggjum áherslu á að samþætta sjálfbærni í kjarnastarfsemi okkar. Með ábyrgð í huga stefnum við að áframhaldandi árangri og setjum markið hátt. Árið sem er að líða hefur verið vitnisburður um þá áskorun og árangur sem fylgir því að viðhalda og auka sjálfbærni í allri okkar aðfangakeðju.

Við höfum einnig lagt áherslu á að byggja upp traust með samfélögum og samstarfsaðilum innanlands og á meginlandinu, þar sem við sækjum aðallega vörur okkar. Með gagnsæi og opnum samskiptum höfum við ekki aðeins tryggt að ræktun og uppruni ávaxta og grænmetis okkar sé í samræmi við sjálfbærniáætla, heldur höfum við einnig unnið að því að tryggja að bændur og ræktendur njóti sanngjarnra kjara.

Í því skyni að mæta þörfum framtíðar og vera í forystu í sjálfbærni á innflutningsmarkaði á Íslandi, þá skuldbindum við okkur til að halda áfram að finna nýjar og skapandi leiðir til að draga úr kolefnisspori og stuðla að betri auðlindanýtingu í öllum okkar rekstri.

Sjálfbærni felur í sér að tryggja að við, sem lífum nú, notum ekki náttúruauðlindir eða fólk á þann hátt að það skaði samfélagið eða takmarki möguleika komandi kynslóða til að lifa jafngóðu eða betra lífi. Sjálfbærnistefna og vinnan að samfélagsmálum er mikilvæg fyrir fyrirtækið okkar til að leggja okkar af mörkum svo þetta megi verða.

Þess vegna er það mikilvægt að við öll sameinumst um að tryggja að okkar börn og afkomendur þeirra fái tækifæri til að njóta alls þess sem jörðin okkar hefur upp á að bjóða.

Lokaorð þessarar skýrslu eru ekki endirinn á ferðinni heldur þvert á móti upphafið að frekari framförum. Við viljum vera í fararbroddi og mun stefna okkar og daglegar aðgerðir áfram endurspegla þá skuldbindingu til sjálfbærni sem við höfum heitið viðskiptavinum okkar, samstarfsaðilum og samfélaginu sem heild.

Með þökk og trausti fyrir áframhaldandi stuðningi allra hagsmunaaðila þá lítum við björtum augum til framtíðarinnar, fullviss um að við munum áfram vísa veginn í sjálfbærni á íslenskum innflutningsmarkaði.



Bananar

HJARTAÐ Í LÝÐHEILSU ÍSLENDINGA